

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Hljómfræði F1 - númer

Vorönn 2026

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur: M2 og f.hl. HFR F1

Hæfniprep

Einingafjöldi:

Áfangalýsing:

Áfram unnið með hljómfærslu og aðferðir Arnolds Schönbergs helst hafðar til hliðsjónar. Í upphafi er hljómfærsla í með þríhljómum í moll í brennidepli og venjur þar að lútandi. Að því búnu er farið í díatóníska sjöundarhljóma og meðferð þeirra fyrst í dúr og síðan moll. Hljómakort fyrir þríhljóma í moll eru unnin og sömuleiðis hljómakort með sjöundarhljómum í dúr og moll.

Námsmarkmið:

Þekking:

Nemandi þekki hvernig þríhljómar verða heimahljómar í molltöntegundum, hvernig þeir tengjast og mynda hljómræna framvindu, meðferð hækkaðra tóna hljómhæfs og laghæfs molls og röðun hljómannanna í hljómakort. Jafnframt þekki hann venjur varðandi díatóníska sjöundarhljóma bæði í dúr og moll þar sem meðferð sjöundarinnar er í forgrunni og uppsetningu hljómakorts með sjöundarhljómum.

Leikni:

Nemandi öðlist leikni í að þekkja og greina díatóníska þríhljóma í molltöntegundum og byggja upp sannfærandi hljómaframvindu með því að raða þeim saman, bæði í grunnstöðu og hljómhvörfum. Hið sama á við bæði í dúr- og molltöntegundum þar sem sjöundarhljómar koma fyrir. Hann skal hafa öðlast færni í að skipa þeim í hljómakort og virkja hentuga rödd fyrir hverja hljómnótu í hljómfærslu.

Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér ekki síst átt við að hann geti skrifað út og greint hljómaframvindu í einföldum raddskráum með þríhljómum í molltöntegundum og einnig þar sem sjöundarhljómar koma fyrir bæði í dúr- og molltöntegundum. Einnig telst nemandi nú vel hæfur og til að hefja nám í hljómfærslu með krómatískum hljómum.

Námsgögn:

Nótnaskrifbækur eða spjaldtölva ásamt vinnublöðum og glósum sem nemandi fær í tímum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Vinnubók og skrifleg hljómfærsluverkefni og próf		100 %

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (5. – 9. jan 2026)	Nám og námsefni vorannar kynnt og skipulag þess. Þríhljómar í moll grunnstöðu, röðun þeirra sem heimahljóma í hinum ýmsu dúrtöntegundum og hljómakort með þeim.	
2. vika (12. – 16. jan. 2026)	Hljómakort þríhljóma í molltöntegundum	
3. vika (19. – 23. jan 2026)	Hljómgreining þríhljóma í molltöntegundum	
4. vika (26. – 30. jan 2026)	Hljómaraðir þríhljóma í molltöntegundum	
5. vika (2. jan – 6. feb 2026)	Hljómaraðir þríhljóma í moll unnar áfram og hljómakort ríjuð upp.	
6. vika (9. – 13. feb 2026)	Sjöundarhljómar dúrs kynntir til sögunnar og meðferð sjöunda	
7. vika (16. – 20. feb 2026)	Unnið með hljómakort sjöundarhljóma dúrs	
8. vika (23. – 27. feb 2026)	Sjöundarhljómar dúrs í grunnstöðu í hljómaröðum	
9. vika (2. mars– 6. mars 2026)	Sjöundarhljómar dúrs í í grunnstöðu og hljómhvörfum í hljómaröðum	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

10. vika 9. – 13. mars 2026)	Sjöundarhljómar dúrs í í grunnstöðu og hljómhvörfum í hljómaröðum	
11. vika (16. – 20. mars 2026)	Sjöundarhljómar molls kynntir til sögunnar og meðferð hækkaðra tóna og sjöunda	
12. vika (23. – 27. mars 2026)	Hljómakort sjöundarhljóma molls	
13. vika (30.mars – 3. apr. 2026)	Páskafrí	
14. vika (6. – 10. apríl 2026)	Hljómakort sjöundarhljóma molls	
15. vika (13. – 17. apríl 2026)	Sjöundarhljómar molls í í grunnstöðu og hljómhvörfum í hljómaröðum	
16. vika (20. – 24. apríl 2026)	Enn unnið með sjöundarhljóma molls í í grunnstöðu og hljómhvörfum í hljómaröðum	
18. vika (22. – 26. apríl 2026)	Yfirlit yfir námsefni vetrarins, sýnispróf skoðað	
19. vika (27. apríl – 1. maí 2026)	Yfirlit yfir námsefni vetrarins, sýnispróf skoðað	
20. vika 4. – 8. maí 2026)	Lokapróf úr námsefninu sem farið hefur verið í	Próf